



Sóley Ægisdóttir
Borgarholtsbraut 40
200 Kópavogi

Mál nr. 112/2020

Reykjavík, 21. apríl 2021

Efni: Endurupptaka á kærumáli nr. 112/2020

Með bréfi, dags. 19. apríl 2021, til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála óskaði kærandi í kærumáli nr. 112/2020 eftir endurupptöku þess, en úrskurðarnefndin kvað upp úrskurð í málinu 12. mars 2021. Niðurstaða nefndarinnar var sú að fella úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogs frá 4. desember 2020 um að veita byggingarleyfi fyrir fjórbylishúsi á lóðinni nr. 39 við Borgarholtsbraut.

Í endurupptökubeiðninni er farið fram á að málið verði tekið til meðferðar á ný þar sem ekki hafi vakað fyrir kæranda að krefjast ógildingar á byggingarleyfi fyrir umræddri nýbyggingu. Hafi sú ákvörðun úrskurðarnefndarinnar að leggja þann skilning í erindið að um kröfu um ógildingu væri að ræða byggst á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum og sé því fullnægt skilyrðum 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Auk þess hafi atvik breyst verulega þannig að kærandi telji sig ekki eiga sömu hagsmuna að gæta í málinu sem fyrr og því eigi einnig við 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga. Einnig sé bent á að byggingarleyfi það sem fellt hafi verið úr gildi með úrskurði nefndarinnar hafi ekki verið gefið út þegar erindið hafi verið sent til nefndarinnar og hafi kæranda ekki verið ljóst að það kynni að leiða til ógildingar ákvörðunar sem síðar kynni að verða tekin.

Úrskurðarnefndin hefur leitað eftir afstöðu Kópavogsbæjar og leyfishafa vegna framkominnar beiðni um endurupptöku. Í svari Kópavogsbæjar í tölvupósti 20. apríl 2021 kemur fram að ekki sé gerð athugasemd við erindið og að bærinn setji sig ekki upp á móti því að málið verði endurupptekið eða afturkallað. Sama dag barst nefndinni einnig svar frá leyfishafa um að hann væri samþykkur umleitunum kæranda um endurupptöku málsins.

Samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný hafi ákvörðun byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða íþyngjandi ákvörðun hafi byggst á atvikum sem breyst hafi verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Í kæru til úrskurðarnefndarinnar lýsti kærandi því að hún sætti sig ekki við samþykkt byggingarleyfi vegna Borgarholtsbrautar 39 þar sem væntanleg nýbygging myndi hafa í för með sér skuggavarp og skerðingu á útsýni. Myndi verðmat eignar hennar rýrna og óskaði hún eftir bótum. Vegna kröfugerðar kæranda átti starfsmaður skrifstofu úrskurðarnefndarinnar

samtal við kæranda í síma og leiðbeindi honum m.a. um að nefndin úrskurðaði ekki um bætur. Í kjölfar símtalsins sendi kærandi tölvupóst til nefndarinnar þar sem fram kom að kærandi myndi setta sig við tilteknar bætur en myndi annars vilja halda kæru sinni til streitu. Bótaskyldu var hafnað af hálfu Kópavogsbæjar og í ljósi þeirrar óskar kæranda að halda kærinni til streitu, svo og að teknu tilliti til valdsviðs úrskurðarnefndarinnar og leiðbeininga til kæranda þar um, var það skilningur úrskurðarnefndarinnar að þess væri krafist að ákvörðun um að samþykkja byggingu hússins yrði felld úr gildi auk þess sem krafist væri bóta. Kærandi hefur í beiðni sinni um endurupptöku málsins hins vegar lýst því að sá skilningur hafi verið rangur.

Með hliðsjón af nánari skýringum í framkominni beiðni um endurupptöku verður að fallast á að úrskurður í kærumáli nr. 112/2020 hafi í skilningi 24. gr. stjórnssýslulaga byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum hvað varðar kröfugerð kæranda. Þar sem skilyrðum nefndrar lagagreinar er fullnægt verður kærumálið endurupptekið.

Það athugist að þegar mál hefur verið endurupptekið hefur fyrri úrskurður ekki lengur réttaráhrif. Málið verður hins vegar virkt að nýju og því verður að ljúka á ný.

Er því óskað eftir staðfestingu kæranda á því að vilji hans standi til að afturkalla kæruna, svo sem fram kom í beiðni um endurupptöku. Að slíkri staðfestingu fenginni yrði kærumálið fellt niður í málaskrá nefndarinnar og kemur það þá ekki til frekari meðferðar.

Samráð um endurupptöku þessa var haft við aðra þá nefndarmenn sem kváðu upp úrskurð í málinu.

Virðingarfyllt,

Ómar Stefánsson (sign)
varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála